

REGLUGERÐ

um gerð og notkun bifreiða.

72

24. júní

A. Um gerð bifreiða.

1. gr.

1. Engin bifreið má vera þyngri en 6000 kg. með fullum farmi, og þó svo, að ekki komi meiri þungi en 3500 kg. á hvorugan hjólásinn.
2. Eftir tillögum stjórnarvalda þeirra, sem eiga að annast viðhald vega, getur stjórnarráðið ákveðið, að á tilteknum vegum eða vegaköflum megi ekki nota svo þungar bifreiðar, sem segir í 1., heldur skuli hámark þyngdarinnar þar vera lægra.
3. Í hálfu skulu vera keðjur undnar um knúnu hjólin, eða þau útbúin á annan fulltryggilegan hátt, svo að vagninn skriki ekki.
4. Einn hemill að minnsta kosti skal taka á sjálfum afturhjólnum (knúnu hjólunum), eða á vélahlutum, sem eru fast tengdir við þau.
5. Hornið skal gefa einn djúpan tón á bifreiðum, en háan tón á bifhjólum.
6. Í skoðunartöð bifreiðar, er jafnan geymist í bifreiðinni, skal skrá:
 - a. Frá hvaða verksmiðju undirvagninn er.
 - b. Verksmiðjunúmer vagnsins.
 - c. Hestorkutölu vélarinnar.
 - d. Eiginþyngd vagnsins í ferðafæru standi með einu varahjól.
 - e. Fyrir fólksbifreiðar, tölu farþega; fyrir vörubifreiðar, mestu hlassþyngd.
 - f. Breidd bifreiðar.
7. Á sérhverri bifreið skal vera umbúnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi maður geti sett vagninn af stað.
8. Undanfarin ákvæði gilda einnig þar, sem ekki er annars getið, um bifhjól, að svo miklu leyti, sem þau geta átt við.

B. Um notkun bifreiða.

Umbúnaður, sérstaklega stýris og hemla.

2. gr.

1. Sérhverjum eiganda eða umráðamanni bifreiðar er skylt að halda bifreið sinni vel við, svo að hún sé ætíð sem öruggust í akstri. Skal bifreiðin skoðuð af skoðunarmanni samkv. 2. málsg. 4. gr. bifreiðarlaganna, ennfremur skal að jafnaði fylgt þeirri reglu að hver bifreið sé minnst einu sinni á ári hverju rækilega yfirfarin og athuguð af bifvélavirkja, endurnýjað og gert við það sem ábótavant er, en síðan skal það viðurkennt af skoðunarmanni.

Þer því öllum slíkum umráðamönnum yfir bifreiðum, einnig þeim, sem hafa afgreiðslu þeirra á hendi, að sjá um að allar þær bifreiðar, er þeir hafa undir höndum, séu fullfærar til notkunar þá er þær eru í akstri og eru leigðar út.

Ökumenn bifreiða, sem vinna hjá öðrum, skulu ætíð gæta þess að tilkynna eiganda þegar í stað, þá er bifreiðin að einhverju leyti bilar, eða, vegna slits eða skemmda, fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til bifreiða.

Nú tilkynnir ökumaður eiganda slíka bilun eða slit á bifreið, en ágreiningur verður milli þeirra um það, hvort á rökum sé byggt. Skal þá kalla til skoðunarmann, og sker hann úr um það.

2. Ökumaður skal ætíð gæta þess, að stýrisumbúnaður á bifreið hans sé traustur